

Yfirlýsing um aðgerðir gegn langtímaatvinnuleysi

Samráðshópur stjórnvalda, stjórnmalaflokkanna og aðila vinnumarkaðarins um menntun og vinnumarkaðsúrræði skilaði 31. mars 2011 tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar um átak til þriggja ára. Tillögur hópsins báru yfirskriftina „Í NÁM – TIL VINNU“.

Tillögurnar og fjármögnun þeirra voru til umfjöllunar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í maí 2011 og varð samkomulag um það efni, sem fram kom í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011.

Meginefni aðgerðanna var tvíþætt, annars vegar að stuðla að auknum menntunartækifærum fyrir ungmenni og atvinnuleitendur og hins vegar að stórefla starfstengd úrræði fyrir atvinnuleitendur.

Með áttakinu „NÁM ER VINNANDI VEGUR“ sem ráðist var í fyrr á þessu ári tókst að tryggja öllu ungu fólki að 25 ára aldri sem þess óskaði námspláss í framhaldsskólum landsins auk þess sem um 1.000 atvinnuleitendur tóku þátt í námstengdum úrræðum.

Nú liggja fyrir tillögur um öflugar aðgerðir sem eiga að tryggja allt að 1.500 atvinnuleitendum starfstengd úrræði, til viðbótar við þau úrræði sem í boði hafa verið. Sérstök áhersla er lögð á hvata og úrræði fyrir langtímaatvinnulausa. Átaki með yfirskriftinni „TIL VINNU“ verður hrint af stað þegar í byrjun árs 2012. Aðgerðir í þágu langtímaatvinnulausra munu hafa forgang í þessu átaki.

Liður í þessum aðgerðum er að gert verði samkomulag um samstarf Vinnumálastofnunar og VIRK - starfsendurhæfingarsjóðs um þjónustu VIRK við þá atvinnuleitendur sem hafa skerta starfsgetu. Samtök íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg munu beita sér fyrir því að sveitarfélögin skapi a.m.k. helming starfa eða starfstengdra úrræða innan verkefnisins en fyrirtæki á almennum vinnumarkaði munu skapa hinn helminginn. Í því skyni munu Samtök atvinnulífsins ráðast í sérstakt kynningarátak meðal fyrirtækja innan sinna vébanda til að ná þessu markmiði.

Það er sameiginlegur ásetningur þeirra aðila sem standa að þessari yfirlýsingu og unnið hafa að framangreindum verkefnum að fylgja þeim saman eftir af fullri einurð og festu þannig að ná megi þeim markmiðum sem hér er stefnt að.

16. desember 2011

F.h. ríkisstjórnarinnar

F.h. Alþýðusambands Íslands

F.h. Bandalags háskólamanna

F.h. BSRB

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Sambands íslenskra
sveitarfélaga

F.h. Samtaka atvinnulífsins